

FJÖREGG – ÁRSSKÝRSLA 2015

STOFNUN FÉLAGSINS:

17. desember – For-stofnfundur í Skjólbrekku. Fundarstjóri Bergþóra Kristjánsdóttir. Á fundinum var settur saman undirbúningshópur sem vann saman fram að aðalfundi 27. mars þegar eiginleg stjórn var kosin.

Hópurinn fékk auðsóttu aðstoð við gerð laga Fjöreggs frá Sigríði Stefánsdóttur, Erlingi Sigurðssyni og Erlu Sigurðardóttur.

27. febrúar - Stofnfundur í Skjólbrekku – Fundarstjóri Arngrímur Geirsson. Tillaga að lögum borin upp til samþykktar.

27. mars – Aðalfundur í Skjólbrekku. Fundarstjóri Sigríður Stefánsdóttir – Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og einnig fengum við áhugavert fræðsluerindi frá Sorpsamlagi Þingeyinga. Fundurinn samþykkti svo ályktun þess efnis að skorað yrði á umhverfis- og auðlindaráðherra og Alþingi að taka Bjarnarflagsvirkjun úr nýtingarflokki Rammaáætlunar. Í ályktuninni segir: „Fundurinn telur að til grundvallar þeirri ákvörðun að setja virkjunina í nýtingarflokk hafi legið ófullnægjandi og úrelt mat á mögulegum afleiðingum virkjunarinnar fyrir vistkerfi Mývatnssvæðisins og íbúa sveitarinnar.“ Ályktunin byggði að miklu leyti á upplýsingum úr skýrslu Ramsar-nefndarinnar sem kom í sveitina á vegum Fuglaverndar og Landverndar í ágúst 2013 til að gefa álit sitt á málinu.

Kosning stjórnar fór sem hér segir:

Formaður

Harpa Barkardóttir (ein í framboði)

Stjórn til 2 ára

Ólafur Þröstur Stefánsson	48
Bergþóra Kristjánsdóttir	48
Halldór Þorlákur Sigurðsson	40
Arnheiður Rán Almarsdóttir	25
ógildir	2

Stjórn til 1 árs

Bergþóra Hrafnhildardóttir	27
Arnþrúður Dagsdóttir	28
Kári Þorgrímsson	42
Böðvar Pétursson	19
Arnheiður Rán Almarsdóttir	23
Sigurður Böðvarsson	26
ógildir	2

Varamenn

Kristján Steingrímsson	35
Arngrímur Geirson	43
Sigurður Böðvarsson	29

Stjórn skipti með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Bergþóra Kristjánsdóttir varaformaður

Arnþrúður Dagsdóttir ritari

Halldór Þorlákur Sigurðsson gjaldkeri

Bergþóra Hrafnhildardóttir, Kári Þorgrímsson og Ólafur Þröstur Stefánsson meðstjórnendur.

Stjórnarfundir hafa verið haldnir að jafnaði mánaðarlega, annan fimmtudag hvers mánaðar.

Stefnuskrá

Fljótlega eftir aðalfund kom stjórn saman og gaf frá sér óformlega stefnuskrá um þau málefni sem hún hugðist vinna að. Á þeirri stefnuskrá voru fræðsluverkefni tengd fráveitumálum, sjálfbærni í ferðaþjónustu, sorpmálum, jarðvarmavirkjunum, landgræðslu, fræðsla um sjálfbært samfélag sem og almenn umræða og fræðsla stjórnsýslu verndunarmála í hreppnum. Einnig einsetti stjórn sér að afla fjármagns til að láta þýða skýrslu sendinefndar Ramsar skrifstofunnar um verndarsvæði Mývatns og Laxár. Hefur það verið gert og var skýrslan send félagsmönnum með tölvupósti og einnig voru eintök gefin Sveitarstjórn Skútustaðahrepps, bókasafni sveitarinnar í Skjólbrekku og Landvernd.

Heimasíðan www.fjoregg.is og Facebook síða Fjöreggs komust í gagnid á vormánuðum 2014. Seinna á árinu leit dagsins ljós lógó félagsins og er höfundur þess Arnþrúður Dagsdóttir (ritari félagsins):



Viðburðir félagsins á árinu 2014:

MÁLÞING:

26. apríl – Rotþróin; málþing um fráveitumál

- Fram komu:
 - Árni Einarsson frá RAMÝ
 - Brynjólfur Björnsson frá VAFRÍ – Vatns- og fráveitufélagi Íslands
 - Margrét Hólm Valsdóttir – hótelstýra Hótel Laxá
 - Helga Hreinsdóttir – HAUST, heilbrigðiseftirlit Austurlands
 - Kynningar frá eftirtöldum fyrirtækjum:

- Bólholt, Raf, Varma- og vélaverk, Borgarplast
- Ályktun stjórnar Fjöreggs vegna málþingsins:
- Mývatn er í eðli sínu mjög næringarríkt vatn. Það lítur út fyrir að ofauðgun sé m.a. að valda miklum breytingum í vatninu. Stjórn félagsins telur það vera skyldu okkar sem íbúa þessa svæðis að gera það sem við getum til að sporna við þessari þróun.
- Stjórn Fjöreggs hvetur alla íbúa sveitarinnar að kynna sér málið og skorar á nýja sveitarsjórn Skútustaðahrepps að taka málið föstum tókum.
- Stjórnin telur að með samvinnu m.a. íbúa, sveitarstjórnar, Fjöreggs og fólks með sérfræðipokkingu á sviði frárennslis og skólpamála getum við komið núverandi ástandi í betra horf.

30. nóvember – Yndislega sveitin mín – málþing um áhrif ferðaþjónustu á umhverfi og menningu

- Fram komu:
 - Theodóra Matthíasdóttir umhverfisfulltrúi Snæfellsness
 - Ferðaþjónustuaðilar í Mývatnssveit
 - Edward Huijbens, landfræðingur og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála
 - Gunnar Þór Jóhannesson, mannfræðingur og dósent í land- og ferðamálafræði
 - Veður og veikindi settu strik í reikninginn og eftirtaldir aðilar forfölluðust: Arnheiður Jóhannsdóttir, Markaðsstofu Norðurlands, Elías Bj. Gíslason, og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir frá Ferðamálastofu.
- Theodóra fjallaði um reynslu sveitarfélaga Snæfellsness af sjálfbærnisvottunarkerfi Earth-Check sem staðið hefur yfir í þar í 10 ár.
- Bergþóra Kristjánsdóttir og Harpa Barkardóttir sögðu frá umhverfisstefnu eigin fyrirtækja.
- Edward Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson héldu báðir erindi undir heitinu „Ferðalög og ylrækt“; Edward með áherslu á byggðapróun, skipulag og uppbyggingu áfangastaða og Gunnar Þór lagði áherslu á samspil ferðafólks og samfélags.

FÉLAGSFUNDIR:

12. júní – félagsfundur í Kaffi Dimmuborgum. Áframhaldandi umræða um fráveitumál.

29. júlí – gönguferð um landgræðslusvæðið við Villingafjall undir leiðsögn Kára Þorgrímssonar

9. desember – félagsfundur á Hótel Reykjahlíð þar sem Benedikt Sigurðsson kom og kynnti hugmyndir um sjálfseignarfélag um Hofstaði.

STYRKIR:

Aðilar sem styrkt hafa starfið með beinum hætti:

Safari hestar, hestaleiga

Helluhraun 13, gistiheimili

Einnig hafa fjölmargir aðilar, bæði innan sveitar og utan, lagt félaginu lið með því að bjóða fundaraðstöðu og þjónustu, gistingu og keyrslu fyrir málþingsgesti og vinnuframlag ýmiskonar.

Færum við þeim öllum okkar bestu þakkir.